



# Akraneskaupstaður

**1388. fundur bæjarstjórnar  
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,  
þriðjudaginn 13. febrúar 2024 og hefst kl. 17:00**

## Almenn erindi

**1. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar**

Heildarstefna Akraneskaupstaðar til ákvörðunar bæjarstjórnar.

**2. 2402149 - Heiðursborgarar Akraneskaupstaðar - breyting á reglum**

Bæjarráð gerir tillögu til bæjarstjórnar Akraness um breytingu á reglum Akraneskaupstaðar frá árinu 2017 um val og útnefningu heiðursborgara Akraness, þannig að bæjarfulltrúum á hverjum tíma, yrði veitt svigrúm til afturköllunar eða niðurfellingu heiðursborgaranafnbótarinnar, komi upp síðar aðstæður, upplýsingar eða atvik, sem kollvarpa ímynd þess einstaklings sem í hlut á hverju sinni.

**3. 2311359 - Heiðursborgarar Akraneskaupstaðar**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 25. janúar sl., í ljósi yfirlýsingar KFUM og KFUK og upplýsinga sem þar koma fram, að leggja til við bæjarstjórn Akraness, að nafn Sr. Friðriks Friðrikssonar, stofnanda KFUM og KFUK, yrði fjarlægt af lista yfir heiðursborgara á Akranesi en þann titil veitti bæjarstjórn Akraness honum árið 1947 í tilefni þess að þá voru 35 ár frá stofnun KFUM á Akranesi.

**4. 2401144 - Reglur um fæði starfsmanna Akraneskaupstaðar (matarmiðar)**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 25. janúar sl. að verðgildi matarmiða Akraneskaupstaðar verði kr. 2.000 frá og með 1. febrúar 2024.

Jafnframt samþykkti bæjarráð að framvegis yrði tenging verðgildis matarmiðans við árlega hækkun starfsmannahlutans, og gildi ný fjárhæð frá 1. febrúar ár hvert.

Bæjarráð vísaði ákvörðuninni til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

**5. 2306198 - Deiliskipulag Akraneshöfn**

Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar skipulagsvinnu Akraneshafnar. Skipulagssvæðið er hluti hafnarsvæðis H-102 þar sem gert er ráð fyrir landfyllingu sem ætluð er hafnsækinni starfsemi. Gert er ráð fyrir lengingu hafnarkants og um 6 ha. landfyllingu sunnan núverandi sjóvarnargarðs.

Skipulags og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagslýsing verði

auglýst og kynnt.

**6. 2308168 - Deiliskipulag Flatahverfi klasi 5 og 6 Innnesvegur 1 Breyting - umsókn til Skipulagsfulltúra**

Umsókn Löðurs ehf. um breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 og deiliskipulagi Flatahverfis klasi 5 og klasi 6 vegna Innnesvegur 1. Sótt er um að breyta notkun á lóð, að heimilt verði að hafa bílapvottastöð, bílverkstæði og verslun í núverandi húsnæði á lóð. Lögð er fram að nýju skipulagslýsing vegna fyrirhugaðra breytinga ásamt fylgiskjölum.

Skipulags- og umhverfísráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi skipulagslýsing ásamt fylgigögnum verði auglýst og kynnt.

**7. 2310289 - Smiðjuvellir 4, breyting á deiliskipulagi - dreifistöð**

Umsókn Vignis G. Jónssonar ehf. lóðarhafa Smiðjuvalla 4 um breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla. Breytingin felst í að stækka núverandi byggingarreit til að byggja dreifistöð rafmagns á lóð. Dreifistöðin mun standa allt að 1,7 m frá lóðarmörkum, kvaðir verða um aðkomu að henni og um aðgengi að lögnum meðfram Þjóðbraut. Hámarkshæð byggingar verður 3,1 m, útlit byggingar verður samskonar og núverandi hús og litur á þaki dökkur.

Erindið var grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. frá 18. desember 2023 til 25. janúar 2024. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum að Smiðjuvöllum 2, Esjubraut 49, Hagafliot 11, Innnesvegi 1, Dalbraut 16, Skarðsbraut 17-19 og Þjóðbraut 13 og 13A. Þrjú samþykki bárust.

Skipulags- og umhverfísráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni er í höndum lóðarhafa.

**Fundargerðir til kynningar**

**8. 2401002 - Fundargerðir 2024 - bæjarráð**

3554. fundargerð bæjarráðs frá 25. janúar 2024.

**9. 2401004 - Fundargerðir 2024 - skóla- og frístundaráð**

233. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 7. febrúar 2024.

**10. 2401005 - Fundargerðir 2024 - skipulags- og umhverfísráð**

288. fundargerð skipulags- og umhverfísráðs frá 5. febrúar 2024.

**11. 2401003 - Fundargerðir 2024 - velferðar- og mannréttindaráð**

218. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 30. janúar 2024.

219. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 6. febrúar 2024.

**12. 2401028 - Fundargerðir 2024 - Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynningar**

942. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26. janúar 2024.

12.02.2024

Haraldur Benediktsson, bæjarstjóri.